

Alþingi, nefndarsvið
Heilbrigðisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 141/80
komudagur 9.10.2012

00.70 Garðabær 9. október 2012

Umsögn vegna frumvarps til laga um mat á umhverfisáhrifum, 87. mál.

Með tölvupósti dagsetum 8. október 2012 veur nefndarsvið Alþingis athygli Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis á að „frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, með síðari breytingum, 87. mál sé komið aftur á dagskrá Alþingis. Frumvarpið hafi tekið litlum breytingum frá því það var lagt fyrir s.l. vor en þá tókst ekki að ljúka afgreiðslu þess. Með erindinu 8. október er heilbrigðisnefnd gefinn kostur á að ítreka fyrri umsögn eða breyta.

Í fyrri umsögn heilbrigðisnefndar frá 13. apríl 2012 lýsti nefndin áhyggjum af því að tímaþrengingar í frumvarpinu féllu illa að starfsháttum fjölskipaðra stjórnvalda og slíkt gengi gegn upphaflegum tilgangi umhverfismats. Fyrri umsögn er ítrekuð.


Umsögn heilbrigðisnefndar frá 13. apríl 2012:

„Ljóst er að fleiri framkvæmdum er ætlað að koma til umfjöllunar hjá Skipulagsstofnun og fær stofnunin vald til að ákveða hvort leitað verði umsagna. Ekki er því ljóst hvort eða þá í hvaða mæli óskað verði umsagnar heilbrigðisnefnda eða annarra stofnana á sveitarstjórnarstigi. Að óbreyttu frumvarpi mun reynslan ein því skera úr um það.

Í frumvarpinu er þrengdur sá tími sem Skipulagsstofnun hefur til að fjalla um þær framkvæmdir er falla undir skilgreiningar sem B og C starfsemi. Fram kemur að sú stytting eigi ekki að ná til þess tíma sem umsagnaraðilar hafa til að veita umsögn sína, eða 10 daga.

Heilbrigðisnefnd telur ástæðu til að hafa nokkrar áhyggjur af þessum þáttum frumvarpsins. Upphaflegur tilgangur laga um umhverfismat var að laða fram skoðanir og staðbundna þekkingu úr nærumhverfi áformaðrar framkvæmdar. Á það jafnt um skoðanir almennings, fulltrúa fyrirtækja eða annarra aðila sem hagsmuni kynnu að hafa, auk sveitarstjórnarfólks. Það er mat heilbrigðisnefndar að það er ekki síst starfsemi sem fellur undir skilgreiningar á B og C starfsemi draganna sem kallar á þessa þekkingu úr nærumhverfi boðaðrar framkvæmdar. Vega þarf því kosti og galla sem fylgja þeim tíma sem þarf í opna stjórnáslu miðað við lokaða.

Þegar óskir um umsagnir vegna umhverfismats hafa komið frá Skipulagsstofnun falla þær stundum illa að skipulagi fjölskipaðra stjórnvalda s.s. heilbrigðisnefnda. Heilbrigðisnefnd hefur talið að það sé í anda laganna að kjörnir fulltrúar ættu að eiga kost á að kynna sér mál og ræða í nefndum áður en umsögn er veitt. Hingað til hefur verið hægt að óska eftir fresti til að veita umsögn þar til nefndin hefur komið saman. Slíkur frestur hefur jafnan verið veittur þegar Skipulagsstofnun hefur talið sig geta komið því við. Það er ljóst af frumvarpinu að þrengt verður verulega að möguleikum Skipulagsstofnunar að veita slíka fresti. Heilbrigðisnefnd telur það miður. Óskað er eftir að í frumvarpið komi ákvæði um að umsagnaraðilar á sveitarstjórnarstigi geti kallað á lengri umsagnarfrest ef þörf krefur og ef rök eru fyrir því höfð.”

Virðingarfyllt,
f. h. heilbrigðisnefndar.

Páll Stefánsson
staðgengill framkvæmdastjóri.

